

**AUGLÝSING****um hægri umferð.**

Að fenginni tillögu framkvæmdanefndar hægri umferðar, sbr. 17. gr. laga nr. 65 13. maí 1966 um hægri handar umferð, er hér með ákveðið, að ákvæði 1. gr. laganna skuli koma til framkvæmda sunnudaginn 26. maí 1968 kl. 06.00 að morgni.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. ágúst 1967.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

Nr. 129.

9. ágúst 1967.

**AUGLÝSING****um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26, 1958 sbr. 2. og 3. mgr. 48. gr. og 2. mgr. 66. gr. sömu laga, að fengnu samþykki bæjarstjórnar Kópavogs, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Umferð um Skálaheiði víki fyrir umferð um Álfhólsveg.
2. Einstefnuakstur verði um Mánabraut, þannig að ekið verði frá austri til vesturs um brautina.

Ákvarðanir þessar taka þegar gildi, enda hefur viðeigandi umferðarmerkjum verið komið fyrir á Skálaheiði við Álfhólsveg og á Mánabraut.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 9. ágúst 1967.*

**Sigurgeir Jónsson.**

Nr. 130.

10. ágúst 1967.

**AUGLÝSING****um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda.**

Samkvæmt tillögu Náttúruverndarráðs og heimild í b-lið 1. gr. laga nr. 48/1956, um náttúruvernd, hefur verið ákveðið að friðlýsa eftirtaldar plöntutegundir þar, sem þær vaxa villtar hér á landi:

1. Dvergtungljurt (*Botrychium simplex*).
2. Skeggburkni (*Asplenium septentrionale*).
3. Svartburkni (*Asplenium trichomanes*).
4. Klettaburkni (*Asplenium viride*).
5. Tunguskollakambur (*Blechnum spicant* var. *fallax*).
6. Hliðaburkni (*Cryptogramme crispa*).
7. Burstajafni (*Lycopodium clavatum*).

8. Knjápunktur (*Sieglingia decumbens*).
9. Heiðarstör (*Carex heleonastes*).
10. Trjónustör (*Carex flava*).
11. Villilaukur (*Allium oleraceum*).
12. Ferlaufasmári (*Paris quadrifolia*).
13. Eggvíblaðka (*Listera ovata*).
14. Línarfi (*Stellaria calycantha*).
15. Flæðarbúi (*Spergularia salina*).
16. Melasól með hvítum og bleikum blómum (*Papaver radicum* ssp. *Stefanssonianum*).
17. Vatnsögn (*Crassula aquatica*).
18. Bergsteinbrjótur (*Saxifraga a zoon*).
19. Hreistursteinbrjótur (*Saxifraga foliolosa*).
20. Þyrnirós (*Rosa pimpinellifolia*).
21. Glitrós (*Rosa afzeliana*).
22. Súrsmæra (*Oxalis acetosella*).
23. Skógfjóla (*Viola rivinana*).
24. Davíðslykill (*Primula egaliksensis*).
25. Lyngbúi (*Ajuga pyramidalis*).

Þar sem telja verður mikilvægt að varðveita þessar tegundir og forða þeim frá útrýmingu, er hér með lagt bann við að hrófla við þeim á nokkurn hátt, t. d. slíta af þeim sprota, blöð, blóm eða rætur eða grafa þær upp.

*Menntamálaráðuneytið, 10. ágúst 1967.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

Nr. 131.

11. september 1967.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða,  
nr. 158 10. ágúst 1966.

1. gr.

1. gr. II. liðar reglugerðarinnar orðist svo:

Lyfjabúðir í Reykjavík skulu auk framangreinds afgreiðslutíma vera opnar tvær saman eina viku í senn, sem hér segir:

Mánudaga—fimmtudaga .....	kl. 18—21
Föstudaga .....	— 19—21
Laugardaga .....	— 12—21
Helgadaga og almenna frídaga .....	— 10—21
Aðfangadag og gamlársdag .....	— 12—21

Nánari reglur um skiptingu þessa afgreiðslutíma milli lyfjabúða setur landlæknir að fengnum tillögum Apótekarafélags Íslands